

Mánudaginn 27 apríl 1925.

Nr 36/1924.

Karl & Jóhann (B. P. Kalman)

gegn

**bæjarstjórn Siglufjarðarkaup-
staðar** (Guðm. Ólafsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fólgetarjettar Ísafjarðar 22. febr.
f. á. Hið umbeðna lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 26. júlí f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. sama dag.

Útsvarsupphæð sú, er hin stefnda bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir krafist áfrýjanda um, er alls 1625 kr. og er upphæð þessi á útsvarsreikningi bæjarstjórnarinnar til áfrýjanda sundurliðuð þannig, að 600 kr. eru aukaútsvar v/s. »Freyja«, 525 kr. aukaútsvar v/s. »Frigg« og 500 kr. aukaútsvar v/s. »Sjöfn«, en öll þessi skip eru eign áfrýjanda og stunduðu sildveiðar frá Siglufirði sumarið 1923.

Það er upplýst og viðurkent í málinu, að áfrýjandi gjörði skipin »Frigg« og »Freyja« út á sildveiðar frá Siglufirði allan veiðitímann eða frá 22. júlí til 5. sept. 1923 og að þau lögðu allan aflann þar á land og höfðu bækistöðu sína þar að öllu leyti Ennfremur að einn meðeigandi firmans Karl & Jóhann, er var staddur á Siglufirði um sildveiðitímann, seldi þar í samráði við meðeigendur sína á Ísafirði nokkurn hluta af afla skipanna, en nokkur hluti aflans hafði verið seldur áður en veiði byrjaði, með símasamningi frá Ísafirði. Samkvæmt l. nr. 58. 28. nóv. 1919,

19. gr. 3ju málsgr., var heimilt að gjöra áfrýjanda að greiða aukaútsvar til Siglufjarðarkaupstaðar af þessum atvinnurekstri og ber því að staðfesta fógetarjettarúrskurðinn að því er snertir 1125 kr. af útsvarsupphæðinni.

Um skipið »Sjöfn« er það hinsvegar upplýst — að nokkru leyti með nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fram í hæstarjetti — að áfrýjandi hefir áður en síldveiðarnar byrjuðu leigt útgerðarmanni einum skipið með veiðarfærum allan síldveiðitímann og voru skilmálar þeir, að áfrýjandi skyldi fá í leigu ákveðinn hundraðshluta af veiði skipsins og að leigutaki skyldi ábyrgjast áfrýjanda fyrirfram ákveðið verð fyrir hvert mál síldar af aflanum og leigan greiðast »eftir hver 500 mál landskipuð«. Hefir umboðsmaður áfrýjanda haldið því fram hjer fyrir rjettinum, að leigutaki skipsins hafi gert skipið út að öllu leyti á sinn kostnað og greitt áfrýjanda leiguna í peningum, með því verði á aflanum, sem ákveðið var í leigusamningnum. Þessari skýrslu hefir ekki verið hnekt og verður því að ganga út frá, að leigutaki skipsins hafi einn verið útgerðarmaður þess á síldveiðarnar og átt aflann og er þá ekki í lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, 19. gr. 3ju málsgr. heimild til að gjöra áfrýjanda að greiða aukaútsvar til Siglufjarðarkaupstaðar af veiði skipsins eða sölu aflans. Og með því að heldur ekki var heimilt að leggja aukaútsvar til Siglufjarðarkaupstaðar á leigutekjur áfrýjanda af skipinu ber að fella lögtaksúrskurðinn úr gildi að því er snertir 500 kr. eða þann hluta útsvarsupphæðarinnar, sem áfrýjanda var gjört að greiða fyrir v/s. »Sjöfn«.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Skiftarjettarúrskurðurinn staðfestist að því er snertir 1125 kr., en skal að öðru leyti vera ógildur.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir bæjarstjórn Siglufjarðar krafist lögtaks á 1625 kr. aukaútsvari, er lagt hefir verið á 3 mótorskip firmans Karl & Jóhann, hjer í bænum, nefnilega 600 kr. á v/s. „Freyju“, 500 kr. á v/s. „Sjöfn“ og 525 kr. á v/s. „Frigg“, í tjeðum kaupstað fyrir árið 1923.

Byggir gjörðarbeiðandi heimildina til útsvarsalagningar þessarar á því að tjeð skip gjörðarþola hafi stundað síldarveiði á Siglufirði síðastliðið sumar í fullar 4 vikur og haft þar bækistöð í 5 vikur.

Gjörðarþoli mótmælir aftur á móti lögtakinu og heldur því fram, að skipin „Freyja“ og „Frigg“ sjen eigi útsvarsskyld, en skipið „Sjöfn“ hafi verið leigð öðrum gegn 36% leigu af afla þess og sje það því leigutaki en ekki gjörðarþoli er gjalda beri útsvarið.

Það er viðurkennt í málinu, að greind skip stunduðu síldarveiði frá Siglufirði síðastliðið sumar í fullar 4 vikur og að þau höfðu bækistöð þar í 5 vikur.

Að vísu er það upplýst í málinu að mikill hluti aflans af skipunum „Freyju“ og „Frigg“ hafði verið seldur fyrirfram, símleidis hjeðan, en afgangurinn að miklu leyti á þann hátt, að einn meðeigandi firmans, gjörðarþola, er dvaldi mikið af úthaldstímanum á Siglufirði, fjekk samþykki meðeigenda sinna til sölunnar, er þannig fór fram frá Siglufirði. En þó að síldinni væri þannig að miklu leyti ráðstafað hjeðan fyrirfram, þá getur það þó eigi talist fullkomin sala fyr en síldin er veidd og afhent, en hvortveggja virðist hafa farið fram frá Siglufirði.

Að því er skipið „Sjöfn“ snertir, þá virðist það upplýst í málinu, að gjörðarþoli tók á móti leigunni, 36% af afla skipsins á Siglufirði og ráðstafaði honum þar, og það er ómótmælt í mál-

inu, að gjörðarbeiðandi lagði umgetnar 500 kr. í aukaútsvar á þennan hluta af afla skipsins.

Rjetturiunn lítur því svo á, að það sje nægilega upplýst í málinu, að framangreind skip gjörðarþola hafi stundað síldarveiði á Siglufirði, síðastliðið sumar, fullar 4 vikur og að hjer sje því um síldarveiði að ræða er gjörðarbeiðandi hafi haft heimild til að jafna á aukaútsvari sbr. l. nr. 58, 28. nóv. 1919, 19. gr. 3ju málsgrein. Verður útsvarsálagning sú er hjer hefir átt sjer stað að teljast lögleg og útsvarið að taka lögtaki.

Miðvikudaginn 29. apríl 1925.

Nr. 37/1925. **Sigurður Þorvarðsson** (B. P. Kalman)

gegn

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps

(Jón Ásbjörnsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fúgetarjettar Ísafjarðar 31. mars f. á. Umbeðið lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu útg. 26. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. s. d.

Það er upplýst í málinu, að áfrýjandi hefir nokkur ár átt á Langeyri í Súðavíkurhreppi hús ásamt lóð, fiskverkunarreitum, og tveimur bryggjum, að sum skipa þeirra, er hann hefir látið stunda þaðan fiskveiðar, eru skrásett að eiga heima þar, og að áfrýjandi hefir rekið þar árið 1923 fiskveiðar, fiskverkun, síldarbræðslu og lifrarbræðslu og verslun. Áfrýjandi hefir því haft, árið sem útsvar það, er í þessu máli greinir, var á hann lagt, heimilisfasta atvinnustofn-